

Nd.

408. Nefndarálit

[206. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 3. minni hl. félagsmálanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins harnar, að til verkfalls á togarafлотanum skuli hafa þurft að koma og hversu langvinnu það hefur orðið. Hann fagnar þeim samningum, sem náðust milli aðila að Sjómannasambandinu og útgerðarmanna. Fyrst samningar hafa ekki getað tekizt milli yfirmanna og útgerðarmanna, gæti þingflokkur Alþýðuflokksins fallizt á að lögfesta kjarasamninga milli þessara aðila, ef jafnrétti væri tryggt milli undirmanna og yfirmanna. Í frv. eru yfirmönnum hins vegar tryggðar kjarabætur umfram þær, sem felast í samningum Sjómannasambandsins og útgerðarmanna. Í samningum þeim, sem gert er ráð fyrir að lögfesta, felst m. a., að fækki skipverjum, t. d. hásetum, skuli yfirmenn fá hækkun á aflaverðlaunum, sem nemur 0.075%. Hliðstæð ákvæði eru ekki í samningum undirmanna við útgerðarmenn. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur ekki rétt, að yfirmenn séu sviptir þessum aukaréttindum, fyrst ríkisstjórnin hefur fallizt á, að þeir skuli hljóta þau. En þá telur þingflokkur Alþýðuflokksins sjálfsagt réttlætismál, að undirmenn fái hliðstæða kjarabót til viðbótar þeim kjörum, sem þeir hafa nýsamið um. Það væri undarlegt, ef það væri stefna ríkisstjórnarinnar að ívilna yfirmönnum á togurum umfram undirmenn. Þess vegna flyt ég breytingartillögu um, að hliðstæðar kjarabætur skuli falla undirmönnum í skaut, ef skipverjum fækkar, og frv. gerir ráð fyrir til handa yfirmönnum. Ef brtt. verður samþykkt, mun þingflokkur Alþfl. styðja frv. Að öðrum kosti mun hann ekki stuðla að framgangi þess.

Alþingi, 21. marz 1973.

Gylfi Þ. Gíslason.